

Nd.

740. Breytingartillögur

[251. mál]

við frv. til laga um getraunir.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „hins frjálsa framtaks“ og „sem bundið er“ falli burt.
2. Við 2. gr. Síðari mgr. orðist svo:
Verð eininga (raða) eða miða skal ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum frá stjórn Íslenzkra Getrauna.
3. Við 4. gr. Framan við greinina bætist ný mgr., sem orðist svo:
Menntamálaráðuneytið fer með málefni Íslenzkra Getrauna, sbr. þó 5. gr.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Dómsmálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu getrauna, að fengnum tillögum stjórnar Íslenzkra Getrauna, og hefur eftirlit með starfrækslu getrauna. Kostnaður við eftirlitið greiðist af Íslenzkum Getraunum, samkv. ákvörðun ráðuneytisins.
5. Við 6. gr. Greinin falli niður.
6. Við 7. gr. (verður 6. gr.). Á eftir orðunum „skal senda“ í 3. mgr. komi: dómsmálaráðuneytinu og.
7. Við 8. gr. (verður 7. gr.). Orðið „virka“ í 3. mgr. falli brott.
8. Við 9. gr. (verður 8. gr.). Greinin orðist svo:
Til kostnaðar við íþróttgetraunir telst greiðsla til Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), að lágmarki 250 þús. kr., en 15 þús. kr. af hverri milljón heildartekna yfir 20 millj. kr. allt að því, að greiðslan nemur 475 þús. kr. á ári, og eftir að þeirri fjárhæð er náð, greiðist til KSÍ 7500 kr. af hverri milljón.
Einnig teljist til kostnaðar 0.5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenzkar Getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.
9. Við 11. gr. (verður 10. gr.). Greinin orðist svo:
Öllum öðrum en Íslenzkum Getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. Enn fremur er óheimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Brot á þessum ákvæðum varða sektum allt að 100 þús. kr., sem greiðist í íþróttasjóð.
10. Við 12. gr. (verður 11. gr.). Greinin orðist svo:
Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.